

Valur Sveinsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2014  
Tilvísun: UST20140500222/ksj

### **Tillaga að br. á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 ásamt umhverfisskýrslu. Brú yfir Austdalsá.**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúans á Seyðisfirði er barst 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að staðsetningu nýrrar brúar á Austdalsá á Seyðisfirði.

#### **Framkvæmdin**

Á uppdrætti er fylgdi erindinu sést að ætlunin er að nýta veg að Austdalsá og gera brú á nýjum stað norðar en farið er yfir ána á vaði í dag. Sýnt er á uppdrættinum hvernig tengjast á vegi austan árinna en ekki kemur fram hvernig tenging verður að brú frá vegi vestan árinna. Að mati Umhverfisstofnunar ætti sú tenging að vera þannig að sem minnst af nýlagningu vegar þyrfti til.

#### **Náttúruminjar**

Austdalur er svæði sem er á náttúruminjaskrá, en í skránni segir um svæðið: Vatnasvið Austadalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. Grösugt dalverpi kringum há fjöll. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við allar framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.


#### **Umhverfismat**

Tillaga að brúnni var send til Skipulagsstofnunar sem úrskurðaði að þar sem nýttir eru núverandi vegir að mestu beggja vegna árinna, þá teldist hún ekki falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um umhverfismat.


## Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski verði haldið í lágmarki á framkvæmdasvæðinu og að náttúruminum verði ekki raskað. Umhverfisstofnun bendir á að uppdráttur er fylgir erindinu er ekki deiliskipulagstillaga yfir breytingarnar, né tillaga að aðalskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllt



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

